

(B. XII, 2).

Nd.

72. Nefndarátt

um frv. til laga um afnám laga nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um, að kostnaður við meðferð íslenskra mála í Kaupmannahöfn sje of mikill, einkanlega þegar litið er til þess, hve fjárhagurinn er þröngur. Meiri hluti nefndarinnar telur það hafa verið misráðið, að sendiherrastöðunni var skipað með lögum 1921, en þó hefir það orðið samkomulag í nefndinni, að leggja til, að ekki yrði farið lengra en það, að staða þessi verði í hvert sinn háð ákvæði fjárlaga um veitingu til hennar.

Kostnaður við meðferð íslenskra mála í Khöfn varð árið 1922 samkvæmt landsreikningnum:

Laun sendiherra	kr. 23999,96
Húsaleiga og risna sama	— 4000.00
Skrifstofuhald	— 19236.80
Meðferð utanríkismála	— 12000.00
Ríkisráðskostnaður	— 3999.99
	<hr/>
	Samtals kr. 63236.75

Þar við bætist gengismunur á upphæðinni.

Í fjárlögum fyrir 1924 eru laun sendiherrans ákveðin 20000 kr., en til húsaleigu og risnu 8000 kr., og allur kostnaður í Khöfn áætlaður 59500 kr. Nefndin telur, að með því að láta sendisveitarritara annast sendiherrastörfin ætti að mega spara að minsta kosti launaupphæðina, 20 þús. kr., og að slíkt skipulag sje eins og nú stendur fullkomlega viðunandi.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. gr. laga nr. 10, 27. júní 1921, skal orða þannig:

Heimilt er ríkisstjórninni að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, þegar fje er til þess veitt í fjárlögum. Konungur skipar sendiherra. Ef fje er veitt til sendisveitarritara, skipar ráðherra hann.

2. Við 2. gr. Greinin falli burt.

3. Við 3. gr. Greinin falli burt.

4. Fyrirsögn frv. skal orða svo :

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Alþingi, 3. mars 1924.

**Jón Þorláksson,
form. og frsm.**

**Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.**

Jörundur Brynjólfsson.

Jón Kjartansson.

Magnús Jónsson.